

Bæjarráð 28. maí 2019

Tillaga Garðabæjarlistans um ákvæði í samningum við íþróttafélög sem kveða á um að tryggja aðgengi fatlaðra barna og ungmenna að íþróttaiðkun.

Bæjarráð samþykkir að kveðið verði skýrt á um það í samningum héðan í frá við starfandi íþróttafélög í sveitarfélaginu að fötluðum börnum og ungmennum sé tryggður sá stuðningur sem þörf er á hverju sinni til þess að hafa val um að stunda íþróttir.

Greinargerð

Í lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Nánar tiltekið undir 13. gr. Þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur þeirra segir m.a.: Tryggja skal að fötluð börn fái nauðsynlega þjónustu svo að þau geti notið mannréttinda og mannhelgi til jafns við önnur börn, lifað sjálfstæðu lífi og tekið þátt í samfélaginu án aðgreiningar.

Í nýútkominni skýrslu sérfræðihóps um málefni fatlaðra barna kemur fram að skortur á stuðningi við fötluð ungmenni til þess að stunda íþróttir er mikill. Í allri umfjöllun um málefni fatlaðra barna og ungmenna er lagt upp með að gera betur. Öllum börnum skal tryggt aðgengi að íþróttum. Með því að kveða skýrt á um í samningum að íþróttafélög vinni í takt við réttindi barna jafnt fatlaðra sem ófatlaðra leggur Garðabær í verki áherslu á að íþróttastarfsemi vinni í takt við bæjarfélagið þegar kemur að réttindum allra barna og ungmenna. Og styður um leið við sáttmálann um heilsueflandi samfélag sem Garðabær skrifaði formlega undir fyrir um ári síðan.

Sara Dögg Svanhildardóttir
varabæjarráðsfulltrúi